



Fundargerð 304.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 11. Febrúar 2026 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes.

Undanfarna vikur hefur farið fram sýnataka á hafsbotni við Laufásgrunn. Gögnin verða nýtt í umhverfismat fyrirhugaðra hafnarframkvæmda. Bundnar eru vonir til þess að skýrslan verði tilbúin í byrjun sumars.

2. Stofnun hafnaverndarnefndar.

Kynntar voru hugmyndir að stofnun hafnaverndarnefndar sem hefur það hlutverk að vera hafnarstjórn til ráðgjafar vegna siglingaverndar. Mesti ávinningur af nefndinni er þó að vera vettvangur samhæfingar þeirra aðila sem eiga fulltrúa í henni. Stjórn HN samþykkir að stofna nefndina og felur hafnarstjóra að senda erindi á Lögregluembættið á Norðurlandi eystra, Slökkviliðið á Akureyri og Tollgæsluna á Akureyri um hvort embættin tilnefni fulltrúa í nefndinni.

3. Skemmtiferðaskip, horfur.

Horfur varðandi bókanir skemmtiferðaskipa eru nú smám saman að skýrast. Fyrir liggur að samdráttur verður í komum skipa á árunum 2026 og 2027. Jafnframt er ljóst að sú óvissa sem skapaðist í tengslum við fyrirhugað innviðagjald og tollfrelsi skemmtiferðaskipa í hringsiglingum hafði áhrif á áætlanagerð útgerða um siglingar til Íslands.

Þær breytingar sem stjórnvöld gerðu rétt fyrir áramót, þ.e. að lækka innviðagjaldið úr 2.500 kr. í 1.600 kr. og viðhalda tollfrelsi, virðast hafa jákvæð áhrif til framtíðar. Bókanir fyrir árið 2028 líta ágætlega út og nýjar bókanir hafa borist á síðustu dögum.



4. Bráðabirgða niðurstaða rekstrar.

Hafnarstjóri lagði fram kynningu á bráðabirgðaniðurstöðu rekstrar fyrir árið 2025. Samkvæmt kynningunni námu heildartekjur 93,5% af áætlun og rekstrarkostnaður reyndist jafnframt undir áætlun. Rekstrarniðurstaða er því í heild í samræmi við fjárhagsáætlun.

Áætlað er að reksturinn skili jákvæðri afkomu og að hagnaður ársins nemi tæpum 629 milljónum króna, sem er um 17 milljónum umfram áætlun.

5. Tölulegar staðreyndir.

Hafnarstjóri kynnti tölulegar staðreyndir fyrir árið 2025.

6. Innganga hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands.

Vegagerðin og HLH ráðgjöf hafa skilað skýrslum sem fyrirhugað var að nýta til stuðnings við mat á mögulegri inngöngu Hafnasjóðs Dalvíkur í Hafnasamlag Norðurlands.

Bæjarráð Akureyrar og stjórn Hafnasamlags Norðurlands hafa fengið kynningu á skýrslu HLH ráðgjöf og helstu niðurstöðum hennar.

Nú er unnið að því að skoða málið í heild, leggja mat á áhrif og forsendur og móta næstu skref í áframhaldandi ákvörðunartöku.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.40